

Að prófum loknum – næstu skref

Stöðu- og framvindupróf Matsferils

19.-22. maí 2026

Freyja Birgisdóttir sviðsstjóri matssviðs

Guðbjörg R. Þórisdóttir læsisráðgjafi

Guðrún Birna Einarsdóttir verkefnisstjóri

Katrín Ósk Þráinsdóttir læsisráðgjafi

Signý Gunnarsdóttir sérfræðingur í máli og læsi

Sigrún Jónína Baldursdóttir ráðgjafi hjá MML

Traust

bakland

fyrir

skólastarf




Miðstöð menntunar
og skólajónustu

Dagskrá

1. Niðurstöður spurningakönnunar og dálítil tölfræði
2. Niðurstöður – breytingar á framsetningu niðurstaðna frá janúar og febrúar
3. Hvernig birtast niðurstöður nemendum og foreldrum?
4. Notkun á niðurstöðum – almenn fyrstu skref
5. Stuðningsefni
6. Spurningar og spjall

Hringrás mats og kennslu



Spurningakönnun Þetta helst ... nemendur

Svarendur: 2636 nemendur

- 95% nemenda töldu auðvelt/hvorki auðvelt eða erfitt að nota prófakerfið.
- 87% nemenda leið vel/hvorki vel eða illa í lesskilningsprófi og 86% í stærðfræðiprófi.
- 85% nemenda lögðu sig fram í stærðfræðiprófinu og 86% í lesskilningsprófinu.
- Hvernig fannst þér lesskilningsprófið? (880 nothæf svör.)
 - 35% ummæli voru jákvæð
 - 32% ummæli voru hlutlaus
 - 33% ummæli voru neikvæð

Spurningakönnun Þetta helst ... nemendur

Rýnt í jákvæð og hlutlaus svör (LES)

1. „Mér fannst prófið mjög skemmtilegt og skemmtilegir textar.“
2. „Áhugavert, gaman að þurfa að rýna meira í textann.“
3. „Bara gaman. Meiri ró en í stærðfræðiprófinu – gat einbeitt mér betur.“
4. „Fyrsti kafliinn var erfiður. Hinir 2 kaflarnir áhugaverðari og léttari.“
5. „Stressandi en mér leið alveg vel. Ég ætla að giska á að mér hafi gengið vel.“

Rýnt í neikvæð svör – fjögur meginþemu

1. Nemendur tala um að prófið hafi verið þungt.
2. Nemendur tala um að ekki sé verið að mæta þörfum nemenda með lesblindu.
3. Nemendur tala um leiðinlega texta.
4. Nemendur segja prófið of langt.

Spurningakönnun Þetta helst ... kennarar

Svarendur: 232 kennarar (takkt fyrir endurgjöfina!)

- 89% kennara gekk vel að senda nemendur í próf úr stafrænu viðmóti Matsferils
- 47% kennara nefndu tæknileg vandamál við fyrirlögn en kennarar og tæknitengiliðir leystu sjálfir úr vanda í 75% tilvika (vel gert!)
 - Helstu vandamál sem leystust ekki voru lélegt netsamband og svo voru einnig einhverjir skólar sem ætluðu að taka prófin á fyrsta prófdeginum en þurftu að fresta vegna tæknilegs vandamáls í prófakerfinu
- 92% kennara taldi fyrirlögnina ganga vel heilt yfir

Spurningakönnun Þetta helst ... skólastjórnendur

Svarendur: 111 skólastjórnendur (takk fyrir endurgjöfina!)

- 94% sóttu fræðslufund um stöðu- og framvindupróf Matsferils, af þeim sem sóttu hann sögðu 93% fundinn gagnlegan.
- 97% lásu handbók um stöðu- og framvinduprófin, alla (53%) eða að hluta (44%) og sögðu 98% að efni handbókarinnar væri gagnlegt.
- 93% horfðu á fræðslumyndbönd um stöðu- og framvinduprófin - 23% horfðu á öll, 70% horfðu á sum. 94% sögðu myndböndin vera gagnleg.


Endurtekin jákvæð þemu í svörum voru:

- Hröð og skýr svör við fyrirspurnum
- Myndbönd vel útfærð og þægileg í notkun
- Spjallþráðurinn á Teams gagnlegur og þægilegur (þarna lærði starfsfólk MMS eitthvað nýtt)
- Handbókin vel unnin
- Góður stuðningur á meðan fyrirlögn stóð yfir




- Fjöldi fyrirlagna var 57.182

Þáttökuhlutföll eftir námsgreinum og árgöngum




Hlutfall undanþága eftir námsgreinum og árgöngum




Hvers vegna er mikilvægt að skoða upplýsingar um þátttöku?

1. Góð þátttaka er grunnforsenda þess að niðurstöður prófanna endurspegli raunverulega stöðu nemenda, bæði á landsvísu og í hverjum skóla.
2. Hátt hlutfall undanþága leiðir til þess að skólar fá skekka mynd af stöðu nemenda sinna og eykur líkur á að stuðningsþörf sé vanmetin. Það þýðir að nemendur sem þurfa hvað mestan stuðning fá hann mögulega ekki.
3. Hátt hlutfall undanþága þýðir að samanburður við landsmeðaltal er varhugaverður og getur leitt til þess að rangar ályktanir séu dregnar á grunni niðurstaðna.

Uppsafnaður fjöldi fyrirlagna eftir dagsetningu og námsfagi





Upprifjun á nokkrum lykilhugtökum

Staða nemanda  mars 2026 Við meðaltal

Hallgerður fékk mælitöluna 10 á lesskilningsprófi, raðeinkunnina 47 og hlutfall réttra svara var 49%. Landsmeðaltal var 58%. Þetta er frammistaða í meðallagi miðað við jafnaldra. Huga þarf áfram að lestrarkennslu sem miðar að því að efla lesskilning nemandans og búa hann undir stigþyngjandi viðfangsefni í námi.

Mælitala: 10

Raðeinkunn: 47

Hlutfall rétt: 49%

Tími í prófi: 27 mín.

Mælitölur

- Mælitala lýsir því hvar nemandi er staddur í samanburði við landsmeðaltal.
- Gerir það kleift að bera saman niðurstöður nemenda á ólíkum prófum með notkun sama mælikvarða
- Gerir einnig samanburð milli nemenda, bekkja og tímabila mögulegan

Raðeinkunn sýnir hvar nemandi stendur í samanburði við jafnaldra, þ.e. hversu stór hluti hópsins fær lægri einkunn en hann. Ef nemandi fær raðeinkunn 70 þýðir það að hann stendur sig jafn vel eða betur en 70% þeirra sem þreyttu prófið.

Hlutfall réttra svara endurspeglar hversu stórum hluta af spurningum prófs nemandi svaraði rétt. Þar sem fleiri en ein útgáfa af bæði lesskilnings- og stærðfræðiprófinu eru lagðar fyrir sama árgang eru hlutföllin vigtuð með tilliti til þyngdar prófanna.


Öryggisbil/vikmörk undirstrikar þá óvissu sem fylgir öllum mælingum. Ef til dæmis prófatriði eru fá er erfiðara að fullyrða um færni nemanda á tilteknu sviði. Dagsform nemanda getur einnig haft áhrif á frammistöðu hans á prófi.

Inntaksflokkar og prófatriði

Álykta og túlka, ígrunda og meta 27 atriði

- > Að draga ályktanir í margvíslegum tilgangi með notkun samhengis eða visbendinga úr texta, skilja meginhugmyndir og að draga saman upplýsingar í texta.

● Neðstu mörk ● Undir meðaltali ● Við meðaltal ● Yfir meðaltali



Inntaksflokkar og atriðalýsingar – nemandi


Inntaksflokkar og prófatriði 📅 mars 2026

● Undir meðaltali ● Við meðaltal ● Yfir meðaltali

Hér má sjá niðurstöður eftir inntakflokkum. Gefin eru dæmi um verkefni sem líklegt er að Hallgerður ráði vel við, sé á mörkum þess að ráða við eða ráði illa við.

Að staðsetja og endurheimta 9 atriði

- > Að finna og muna upplýsingar sem koma beint fyrir í texta með sama eða samsvarandi orðalagi og nýta þekkingu á orðaforða og skyldleika orða til að átta sig á merkingu nýrra orða.




Að álykta og túlka 22 atriði

- > Að draga ályktanir í margvíslegum tilgangi með notkun samhengis eða vísbendinga úr texta, skilja meginhugmyndir og að draga saman upplýsingar í texta.



Að ígrunda og meta 14 atriði

- ✓ Að greina afstöðu höfundar, á milli staðreyndar og skoðunar og að leggja mat á innihald texta með gagnrýnum hætti og rökstyðja.



Á mörkum þess að ráða við 2 atriði

- ✓ Að átta sig á tilgangi texta út frá einkennum megintextategunda og undirflokka þeirra þegar tilgangurinn kemur ekki skýrt fram.

- ✓ Að finna og bera saman mismunandi rökstuðning við hugmynd, verknáð eða staðhæfingu í texta.

Ræður illa við 1 atriði

- ✓ Að greina og meta tengsl með samanburði (hvað er líkt og ólíkt) í efnisatriðum í texta eða milli texta.

Inntaksflokkar og atriðalýsingar – hópur


Inntaksflokkar og prófatriði ⓘ

Staðsetja og end

Áð finna og muna upp sömu eða samsvarandi orðalagi og orða til að átta sig á merkingu nýrra orða.


Fleiri en ein prófútgáfa er lögð fyrir í hverjum bók. Þess vegna eru mismunandi fjöldatölur á bak við hvert prófatriði.

● Undir meðaltali ● Við meðaltal ● Yfir meðaltali



Álykta og túlka, ígrunda og meta 42 atriði

Áð draga ályktanir í margvislegum tilgangi, skilja meginhugmyndir, samþætta upplýsingar í texta og að leggja mat á innihald texta með gagnrýnum hætti og rökstyðja.



Getur dregið ályktanir með því að tengja saman beinar og óbeinar upplýsingar í samfelldum texta 7 atriði

Prófatriði ◇

Þyngd ⓘ ≡

Rétt svör ◇

Prófatriði 2

miðlungs

6 / 8

Prófatriði 3

miðlungs

3 / 6

Prófatriði 4

miðlungs

5 / 8

Prófatriði 6

miðlungs

5 / 8

Prófatriði 7

miðlungs

4 / 8

Prófatriði 1

þungt

3 / 6

Inntaksflokkar og atriðalýsingar – hópur

Inntaksflokkar og prófatriði ^①

● Neðstu mörk ● Undir meðaltali ● Við meðaltal ● Yfir meðaltali

Álykta og túlka, ígrunda og meta 27 atriði

- ✓ Að draga ályktanir í margvíslegum tilgangi með notkun samhengis eða vísbendinga úr texta, skilja meginhugmyndir og að draga saman upplýsingar í texta.



- ✓ Getur dregið ályktun um tilfinningar, hegðun, viðbrögð, skapgerðareinkenni og ætlun sögupersónu/höfundar 7 atriði

Prófatriði ◇

Prófatriði 1

Prófatriði 2

Prófatriði 3

Punktur ⊕ ↑


Rétt svör ◇

Létt: Fleiri en 67% nemenda á landsvísu svara rétt.
Miðlungs: Milli 50-66% nemenda á landsvísu svara rétt.
Pungt: Færri en 50% nemenda á landsvísu svara rétt.

12

5 / 12

Þegar heildarskor á prófi er hærra en skor á inntaksflokkum (undirþáttum prófs)




Frammistaða er góð og yfir meðaltali miðað við jafnaldra. Góðar líkur eru á að nemendur geti sýnt sjálfstæði í vinnu með texta og tileinkað sér innihald fjölbreyttra texta. Viðfangsefni í námi þurfa að vera áhugaverð og fela í sér áskoranir við hæfi.

Frammistaða er í meðallagi miðað við jafnaldra. Líkur eru á að nemendur geti sýnt nokkurt sjálfstæði í vinnu með texta en þurfa áfram markvissa kennslu í lesskilningi sem býr þá undir stigþyngjandi viðfangsefni í námi. Fylgjast þarf vel með framvindu hjá nemendum með mælitölur 8 og 9 þar sem þeir eru á mörkum að búa yfir fullnægjandi færni.

Frammistaða er undir meðaltali miðað við jafnaldra. Töluverðar líkur eru á að nemendur eigi í erfiðleikum með að skilja flóknari atriði í texta. Fylgjast þarf vel með þróun lesskilnings og vinna markvisst að því að efla hann eftir fjölbreyttum leiðum.

Frammistaða er í neðstu mörkum kvarða miðað við jafnaldra. Miklar líkur á að nemendur eigi í erfiðleikum með að skilja jafnvel einföld atriði í texta. Kanna þarf ástæður vandans, veita stuðning sem gera nemendum kleift að fylgja jafnöldrum í námi.



Stærðfræði

Hér eru niðurstöðurnar þínar úr stöðu- og framvinduprófi í stærðfræði sem lagt var fyrir í mars. Efst er yfirlit yfir stöðuna, svo er nánari greining á færni í samhengi við jafnaldra og að lokum má sjá hvernig þér gekk í ólíkum þáttum í prófinu.

Hallgerður Kristín Langbrók
110916-4560
Njáluskóli, 4. GH
Fyrirlögn mars 2026

Hallgerður Kristín Langbrók

Við meðaltal




Hallgerður fékk mælitöluna 12 á stærðfræðiprófi og hlutfall réttra svara var 51%. Þessi frammistaða er í efra meðallagi miðað við jafnaldra.

Góðar líkur eru á að nemandinn geti sýnt sjálfstæði í stærðfræðinámi sínu og sé nokkuð vel búinn undir stigþyngjandi viðfangsefni.

Nánari lýsing á stöðu

Til að meta stöðu nemenda nánar eru niðurstöðurnar skoðaðar í samhengi við jafnaldra og settar fram sem mælitala. Hún er á bilinu 1-19, þar sem 10 er alltaf landsmeðaltal.



Yfir meðaltali (13-19)

Frammistaða er góð og yfir meðaltali miðað við jafnaldra. Góðar líkur eru á að nemendur geti sýnt töluvert sjálfstæði í stærðfræðinámi sínu og séu vel búnir undir stigþyngjandi viðfangsefni í takt við hækkandi aldur og vaxandi kröfur í námi. Viðfangsefni í námi þurfa að fela í sér áskoranir sem efla áfram færni þeirra í stærðfræði.

Við meðaltali (8-12)

Frammistaða er í meðallagi miðað við jafnaldra. Líkur eru á að nemendur geti sýnt nokkurt sjálfstæði í stærðfræðinámi sínu en þeir þurfa áfram viðfangsefni sem eflir færni þeirra í takt við hækkandi aldur og vaxandi kröfur í námi. Fylgjast þarf vel með framvindu hjá nemendum í neðra meðallagi (mælitölur 8 og 9) þar sem þeir eru á mörkum að búa yfir fullnægjandi færni.

Undir meðaltali (5-7)

Frammistaða er undir meðaltali miðað við jafnaldra og líkur eru á að nemendur eigi í erfiðleikum með efnisatriði síns árgangs í stærðfræði. Fylgjast þarf vel með námsframvindu hjá þessum nemendum og vinna markvisst að því að efla færni í stærðfræði eftir fjölbreyttum leiðum.

Neðstu mörk (1-4)

Frammistaða er í neðstu mörkum kvarða miðað við jafnaldra og töluverðar líkur á að nemendur eigi í erfiðleikum með jafnvel einfaldari efnisatriði síns árgangs í stærðfræði. Kanna þarf ástæður vandans, veita viðeigandi stuðning og eftirfylgni ásamt því að leita leiða sem gera nemendum kleift að fylgja jafnöldrum í námi.

Ef þú vilt kynna þér stöðu- og framvindupróf betur má finna nánari upplýsingar á www.matsferill.is.

Niðurstöður til nemenda og forsjáraðila - 1

Hallgerður Kristín Langbrók

Við meðaltal



Hallgerður fékk mælitöluna 12 á stærðfræðiprófi og hlutfall réttra svara var 51%. Þessi frammistaða er í efra meðallagi miðað við jafnaldra.

Góðar líkur eru á að nemandinn geti sýnt sjálfstæði í stærðfræðinámi sínu og sé nokkuð vel búinn undir stigþyngjandi viðfangsefni.

Inntaksflokkar


Hér má sjá niðurstöður eftir inntaksflokkum. Þær eru settar fram sem mælitala sem sýnir stöðu í samhengi við jafnaldra.

Hallgerður Kristín Langbrók
110916-4560
Njáluskóli, 7. GH
Fyrirlögn í mars 2026

● Nemandi — Vikmörk ● Undir meðaltali ● Vöð meðaltali ● Yfir meðaltali


Tölur og reikningur

Röðun talna og talnamengi, námundun, sætiskerfi, grunnreikniaðgerðir, hlutföll, fjármál, reiknireglur, fjármál.




Algebra

Mynstur, hnitakerfi, föll, óþekktar stærðir, jöfnur og ójöfnur.




Tölfræði og líkindi

Gagnavinnsla, tölfræðikannanir, myndrit, líkindatilraunir, líkindareikningur.



Rúmfræði og mælingar


Tungumál, verkfæri, mynstur, skýringarmyndir, tími og klukkan, mælieiningar, mælingar, tvívíð form, þrívíð form.



Niðurstöður til nemenda og forsjáraðila - 2


Tölfræði og líkindi

Gagnavinnsla, tölfræðikannanir, myndrit, líkindatilraunir, líkindareikningur.



Rúmfræði og mælingar

Tungumál, verkfæri, mynstur, skýringarmyndir, tími og klukkan, mælieiningar, mælingar, tvívíð form, þrívíð form.



Tillaga að bréfi til forsjáraðila

Að hverju þarf að huga varðandi skil á niðurstöðum?

- Hvert geta forsjáraðilar leitað eftir aðstoð til að skilja niðurstöður?
- Hvað ef forsjáraðilar miðla ekki niðurstöðum til barna sinna?
- Mega nemendur leita beint til kennara til að fá upplýsingar um niðurstöður og hvað þær þýða?

Kæri forsjáraðili,

Í vor tók barn þitt þátt í stöðu- og framvinduprófum í íslensku og/eða stærðfræði. Prófunum er ætlað að veita nemendum, foreldrum og kennurum skýrar upplýsingar um stöðu og framfarir nemanda. Þessar upplýsingar nýtast í kennslu til að stuðla að framförum, t.a.m. með auknum stuðningi eða stærri áskorunum, allt eftir stöðu nemanda.

Hvar finn ég niðurstöðurnar?

Þú getur nálgast niðurstöður barnsins þíns á **mínum síðum á island.is** frá og með **29. maí**. Þar má sjá hvernig barnið þitt stendur í þeim þáttum sem prófað var úr og lýsingu á mikilvægum næstu skrefum í kennslu.

Hvað þýða niðurstöðurnar og hver eru næstu skref?

Niðurstöðurnar sýna hvar barnið þitt stendur í námi í samhengi við jafnaldra á landsvísu og gefa til kynna hvernig við getum sem best stutt við nám þess framundan.

Við hvetjum þig til að fara vel yfir niðurstöðurnar með barninu þínu þegar þær liggja fyrir. Ef þú hefur spurningar eða vilt ræða niðurstöðurnar nánar skaltu ekki hika við að hafa samband við umsjónarkennara barns þíns.

Ef niðurstöðurnar gefa góða stöðu til kynna mun umsjónarkennari ekki fara sérstaklega yfir þær með nemendum í vor en hann og aðrir kennarar munu nýta þær við skipulagningu kennslu í haust.

Ef niðurstöðurnar benda til þess að barnið gæti þurft á auknum stuðningi að halda munum við þjóða barninu og forsjáraðilum þess upp á samtal í vor/í skólabyrjun um niðurstöðurnar og fara yfir næstu skref í námi út frá þeim.

Hægt er að kynna sér stöðu- og framvinduprófin nánar á matsferill.is.

Með kveðju, [Nafn skóla/skólastjóra]

Notkun á niðurstöðum

Fyrstu skrefin

Matsrammi fyrir lesskilning

	Hugsmíð	Undirhugsmíð	Atriðalýsing: Lýsing á færni sem prófatriði mælir
Skilningur	1. Að staðsetja og endurheimta	1.1. Þekkir merkingu algengra orða í texta	1.1.1. Þekkir merkingu orða og samheita þeirra, fastra orðasambanda, orðatiltækja og málshátta
			1.1.2. Getur nýtt sér þekkingu sína á skyldleika orða til að ráða í merkingu framandi orða
		1.2. Getur staðsett beinar upplýsingar í texta með því að finna orð eða samsvarandi orðalag (umorðun)	1.2.1. Getur staðsett stakar, beinar upplýsingar í texta með því að finna orð eða samsvarandi orðalag í einni málsgrein eða aðliggjandi málsgreinum
			1.2.2. Getur staðsett stakar, beinar upplýsingar í samfelldum texta með því að finna sama eða samsvarandi orðalag
			1.2.3. Getur staðsett stakar, beinar upplýsingar í ósamfelldum texta (töflur, myndir, gröf) með því að finna sama eða samsvarandi orðalag í texta
		1.3. Getur staðsett upplýsingar með því að nýta þekkingu sína á samheitum í texta	1.3.1. Getur staðsett, beinar upplýsingar í texta með beitingu þekkingar á samheitum í einni málsgrein
			1.3.2. Getur staðsett stakar, beinar upplýsingar í samfelldum texta með beitingu þekkingar á samheitum
			1.3.3. Getur staðsett stakar, beinar upplýsingar í ósamfelldum texta (töflur, myndir, gröf) með beitingu þekkingar á samheitum

Ályktun

Hugsmíð

Undirhugsmíð

Atriðalýsing: Lýsing á færni sem prófatriði mælir

2. Að álykta og túlka

2.1.	Getur borið kennsl á merkingu framandi orða og orðatiltækja í texta	2.1.1.	Getur dregið ályktun um merkingu framandi orða (þar á meðal notkun þekktra orða á framandi hátt), fastra orðasambanda, orðatiltækja, málshátta og myndmáls með því að nota samhengi og/eða ýmsar vísbendingar úr texta
2.2.	Getur dregið ályktanir af efni texta og beitt við nýjar aðstæður	2.2.1.	Getur dregið ályktanir með því að tengja saman beinar og óbeinar upplýsingar í einni málsgrein eða aðliggjandi málsgreinum
		2.2.2.	Getur dregið ályktanir með því að tengja saman beinar og óbeinar upplýsingar í samfelldum texta
		2.2.3.	Getur dregið ályktanir með því að tengja saman beinar og óbeinar upplýsingar í ósamfelldum texta (töflur, myndir, gröf)
		2.2.4.	Getur nýtt bakgrunnsþekkingu sína þegar samhengi og/eða vísbendingar eru ekki til staðar í texta
		2.2.5.	Getur borið kennsl á atburðarás/aðgerðaröð/skref í texta
		2.2.6.	Getur komið auga á orsök og afleiðingu þegar orsakasambandið er ekki ljóst í texta.
		2.2.7.	Getur dregið ályktun um tilfinningar, hegðun, viðbrögð, skapgerðareinkenni og ætlun sögupersónu/höfundar
		2.2.8.	Getur beitt upplýsingum úr texta við nýjar aðstæður eða við gerð nýrra dæma
2.3.	Getur borið kennsl á aðalatriði í texta og dregið efnið saman	2.3.1.	Getur greint milli aðalatriða og aukaatriða í texta (upplýsinga- og rökfærslutexti)
		2.3.2.	Getur dregið saman niðurstöðu úr efnisgrein eða eða lengri texta með því að fella saman/sambætta upplýsingar
		2.3.3.	Getur borið kennsl á/fundið meginhugmynd í texta án þess að hugmyndin komi beint fram

Gagnrýnin hugsun

Hugsmíð

Undirhugsmíð

Atriðalýsing: Lýsing á færni sem prófatriði mælir

3.1.	Getur áttað sig á tilgangi texta og viðtakendum hans	3.1.1.	Getur áttað sig á tilgangi með ritun texta út frá einkennum megintextategunda og undirflokka þeirra þegar tilgangurinn kemur ekki skýrt fram
		3.1.1.a.	Þekkir einkenni bókmenntatexta. Uppbygging: Kynning, ris/vandamál, lausn; Framsetning: Atburðarás, sögusvið, innri og ytri tími, persónusköpun, sjónarhorn; Málnotkun: Notkun stíleinkenna og stílbragða.
		3.1.1.b.	Þekkir einkenni upplýsingatexta. Uppbygging: Inngangur, meginefni og niðurlag; Framsetning: Notkun lykilorða/lykilsetninga, röðun aðal- og aukaatriða innan efnisgreina, ítarlegar útskýringar og lýsandi dæmi og notkun myndefnis; Málnotkun: Hlut- og öfgalaust orðalag.
		3.1.1.c.	Þekkir einkenni rökfærslutexta. Uppbygging: Inngangur, meginefni og niðurlag/lokaorð; Framsetning: Staðhæfing/afstaða, rökstuðningur og dæmi; Málnotkun: Gildishlaðið orðalag og beiting viðeigandi stílbragða.
		3.1.2.	Getur áttað sig á hlutverki ytri einkenna í texta þegar tilgangur með notkun þeirra kemur ekki skýrt fram
		3.1.3.	Getur borið kennsl á rökstuðning í texta sem styður við tilgang og framsetningu hans
		3.1.4.	Getur borið kennsl á ætlaða viðtakendur texta og rökstutt álit/staðhæfingu sína
3.2.	Getur lagt mat á texta með gagnrýnum hætti og rökstutt mat sitt	3.2.1.	Getur greint frá skoðun sinni á efni texta og notað efnisatriði úr honum til að færa rök fyrir máli sínu
		3.2.2.	Getur lagt mat á inntak/niðurstöðu/boðskap í texta
		3.2.3.	Getur borið kennsl á og borið saman mismunandi rökstuðning við hugmynd, verknað eða staðhæfingu í texta
		3.2.4.	Getur greint og metið tengsl með samanburði (hvað er líkt/ólíkt) á efnisatriðum í texta eða milli texta.
		3.2.5.	Getur skipulagt, samþættað og túlkað hugmyndir afstöðu og rök innan eins eða milli fleiri texta
3.3.	Getur lagt mat á réttmæti staðhæfinga í texta	3.3.1.	Getur greint á milli staðreynda og skoðunar í texta
		3.3.2.	Getur sundurgreint texta í þeim tilgangi að meta staðhæfingar sem settar eru fram innan hans eða um inntak hans
		3.3.3.	Getur lagt mat á gæði og trúverðugleika texta óháð miðlum
		3.3.4.	Getur greint samhljóm eða ágreining/mótsagnir innan og/eða milli texta, og þegar um ágreining er að ræða ákveðið hvernig ráða megi fram úr honum og komast að niðurstöðu
3.4.	Getur greint afstöðu og hlutverk	3.4.1.	Getur greint afstöðu (t.d. skoðun/hlutdrægni) höfundar/sögupersónu
		3.4.2.	Getur greint hlutverk sögupersónu
3.5.	Getur lagt mat á áhrifamátt texta	3.5.1.	Getur lagt mat á áhrifamátt framsetningar upplýsinga í texta (t.d. notkun myndefnis, uppsetningar og málnotkunar)

Landsmeðaltalið og hópurinn minn

Hlutföll nemenda á mælitölubílum

📅 mars 2026

● Neðstu mörk ● Undir meðaltali

Nemendur með mælitölu 1-7

Frammistaða nemanda er lakari en frammistaða jafnaldra. 21% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 1-7.

● Við meðaltal

Nemendur með mælitölu 8-12


Frammistaða nemanda er svipuð og frammistaða jafnaldra. 58% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 8-12.

● Yfir meðaltali

Nemendur með mælitölu 13-19

Frammistaða nemanda er betri en frammistaða jafnaldra. 21% jafnaldra á landsvísu er með mælitöluna 13-19.

Landsmeðaltal




Staða hóps – hver er dreifingin?

Staða hóps

📅 mars 2026

👥 11/12 hafa lokið prófi



Yfirlit yfir stöðu nemenda

Staða nemenda

📅 mars 2026

Sía



Nafn	Mælitala	Raðeinkunn	Hlutfall rétt (%)	Staða	
HS Nikulás Tómasson	2	3	15	Neðstu mörk	Skoða >
TB Guðrún Sigurðardóttir	3	4	18	Neðstu mörk	Skoða >
HS Sigurgrímur Hjördísarson	3	4	19	Neðstu mörk	Skoða >
HB Guðbjörg Björnsdóttir	6	11	47	Undir meðaltali	Skoða >
HS Sigrún Pétursdóttir	7	17	31	Undir meðaltali	Skoða >
HS Karina Aronsdóttir	8	21	33	Við meðaltal	Skoða >
HS Magnús Viktorsson	9	35	67	Við meðaltal	Skoða >
HS Freyja Birgisdóttir	10	47	49	Við meðaltal	Skoða >
HS Jóhann Antonsson	12	73	69	Við meðaltal	Skoða >
HS Inga Björgvinsdóttir	15	94	85	Yfir meðaltali	Skoða >
HS Tomasz Björgvinsson	16	96	79	Yfir meðaltali	Skoða >
HS Signý Valdimarsdóttir	17	99	92	Yfir meðaltali	Skoða >

Yfirlit yfir stöðu og stuðningsþörf hjá 20 nemenda hópi – bekkur

Mælitala	Staða	Hlutfall nemenda	Fjöldi nemenda	Umsjón kennslu	Fyrirkomulag kennslu	Mat og endurmat
13-19	Yfir meðaltali	21%	4	Kennari	Bekkjarkennsla	Matsáætlun skóla
8-12	Við meðaltal	58%	12	Kennari	Bekkjarkennsla	Matsáætlun skóla
5-7	Undir meðaltali	17%	3	Kennari Stoðþjónusta	Bekkjarkennsla og stuðningur í litlum hópi	Matsáætlun skóla Lok stuðningslotu
1-4	Neðstu mörk	4%	1	Stoðþjónusta Kennari	Einstaklingsstuðningur eða í litlum hópi	Matsáætlun skóla Lok stuðningslotu

Yfirlit yfir stöðu og stuðningsþörf hjá 45 nemenda árgangi - stoðþjónusta

Mælitala	Staða	Hlutfall nemenda	Fjöldi nemenda	Umsjón kennslu	Fyrirkomulag kennslu	Mat og endurmat
13-19	Yfir meðaltali	21%	9	Kennari	Bekkjarkennsla	Matsáætlun skóla
8-12	Við meðaltal	58%	26	Kennari	Bekkjarkennsla	Matsáætlun skóla
5-7	Undir meðaltali	17%	8	Kennari Stoðþjónusta	Bekkjarkennsla og stuðningur í litlum hópi	Matsáætlun skóla Lok stuðningslotu
1-4	Neðstu mörk	4%	2	Stoðþjónusta Kennari	Einstaklingsstuðningur eða í litlum hópi	Matsáætlun skóla Lok stuðningslotu

Kennsla og stuðningur: Stærsta áskoranin hringrásarinnar

Nemendur	Staða STF/LES	Mælitala
Tómas Björgvinsson	Neðstu mörk kvarða	2
Ólafur Hrafn Beck	Neðstu mörk kvarða	3
Sveindís Haraldsdóttir	Undir meðaltali	4
Orri Páll Ásgeirsson	Undir meðaltali	5
Ann-Cat	Við meðaltal	10
Aníta Sif Þórisdóttir	Við meðaltal	10
Hákon Björnsson	Við meðaltal	11
Patrycja Kulgawczyk	Við meðaltal	11
Anna Lísa Andersen	Við meðaltal	11
Gabriel Snorrason	Við meðaltal	12
Arnar Þór Kristinsson	Við meðaltal	12
Ævar Andr	Yfir meðaltali	13
Einar Baldursson	Yfir meðaltali	17
Soffía Valdimarsdóttir	Yfir meðaltali	19

vinna markvisst

fylgjast með

áhugaverð viðfangsefni

veita stuðning

kennsla við hæfi

kanna vanda

Frammistaða er í **neðstu mörkum** kvarða miðað við jafnaldra. Miklar líkur eru á að nemendur eigi í erfiðleikum með jafnvel einfaldari efnisatriði síns árgangs í stærðfræði/að skilja flóknari atriði í texta. Kanna þarf ástæður vandans og veita stuðning sem gerir nemendum kleift að fylgja jafnöldrum í námi.

Frammistaða er **undir meðaltali** miðað við jafnaldra. Töluverðar líkur eru á að nemendur eigi í erfiðleikum með að skilja flóknari atriði í texta/efnisatriði síns árgangs í stærðfræði. Fylgjast þarf vel með þróun lesskilnings og vinna markvisst að því að efla hann eftir fjölbreyttum leiðum.

Frammistaða er í **meðallagi** miðað við jafnaldra. Líkur eru á að nemendur geti sýnt nokkurt sjálfstæði í stærðfræðinámi sínu/í vinnu með texta en þurfa áfram kennslu sem býr þá undir stigþyngjandi viðfangsefni í námi. Fylgjast þarf vel með framvindu hjá nemendum með mælitölur 8 og 9 þar sem þeir eru á mörkum að búa yfir fullnægjandi færni (lesskilningur).

Frammistaða er góð og **yfir meðaltali** miðað við jafnaldra. Góðar líkur eru á að nemendur geti sýnt töluvert sjálfstæði í stærðfræðinámi sínu/vinnu með texta og tileinkað sér innihald fjölbreyttra texta. Viðfangsefni í námi þurfa að vera áhugaverð og fela í sér áskoranir við hæfi/efla færni þeirra í stærðfræði.

Færni í stærðfræði til þátttöku og frekara náms

- Stærðfræðinám á grunnskólastigi felur í sér grundvallarfærni fyrir nútímasamfélag.
 - Góð færni: opnar dyr til samfélagsþátttöku og frekara náms.
 - Slök færni: getur orðið að hindrun sé ekki gripið inn í.
- Góð færni í stærðfræði felst meðal annars í:
 - skilningi og þekkingu á hugtökum.
 - að beita hugtökum eða aðferðum til að leysa viðfangsefni af ýmsu tagi.
 - að geta greint, túlkað og rökstutt til að komast að niðurstöðu.
 - talnaskilningi, leikni og fimi í reikniaðgerðum.

Mikilvægt er að undanskilja engan þessara þátta í stærðfræðikennslu.

Stærðfræði: umfang, hugtök og uppbygging

- Stærðfræði er með umfangsmestu greinasviðum grunnskólans.
 - Fjöldi hugtaka í [Hugtakasafni í stærðfræði](#) hleypur á hundruðum.
 - Við kennslu þarf markvisst að styrkja skilning nemenda á hugtökum.
- Stærðfræði sem faggrein hefur röklega og lóðréttu uppbyggingu.
 - Það er lykilatriði fyrir kennslu sem miðar að hugtakaskilningi.
 - ...en veldur því líka að hjá nemanda sem skortir vissar stoðir í skilningi getur vandi byrjað að vinda upp á sig.
- Auka má líkur á að nemendur öðlist þá hæfni í stærðfræði sem til er ætlast samkvæmt námskrá með því að:
 - Fylgjast náið með námsframvindu.
 - Vinna jöfnum höndum að kennslu til skilnings og þjálfun í aðferðum.

Lesskilningur og kennslan

- Lesskilningur er grunnhæfni sem nemandinn þarf að búa yfir til að geta unnið úr og sótt merkingu úr texta sem er miðlað í fjölbreyttum tilgangi eftir ólíkum leiðum.
- Gæði lesskilnings eru háð orðaforða nemanda og að hvaða marki hann getur nýtt lestrarfærni sína og beitt skipulegum aðferðum til að afla sér upplýsinga úr texta (óháð miðli).
- Efling lesskilnings er viðfangsefni kennara í öllum námsgreinum, bóklegum og verklegum þrátt fyrir að nálgunin kunni að vera ólík.
- Tækifærin til að vinna með og efla lesskilning eru alls staðar þar sem nemendur þurfa að vinna með texta.

Mikilvægt er ...

- ... að kennsla í beitingu lesskilningsaðferða sé ávallt hluti af merkingarbærri vinnu þar sem aðferðunum er beitt í tengslum við raunveruleg viðfangsefni í námi (t.d. þegar nemandinn þarf að lesa og tileinka sér námsefni í bóklegum greinum).
- ... að kenna nemendum að beita aðferðunum með stigskiptum stuðningi þannig að þær verði raunverulegur hluti af björgum sem nemandinn virkjar (meðvitað eða ómeðvitað) þegar hann þarf að glíma við snúinn texta og góð lestrarfærni (lesa/endurlesa og að nýta sér vísbendingar úr samhengi) dugar ekki til að hjálpa honum til að skilja textann.

Harvey og Goudvis, 2017

Strategies that work: Teaching comprehension for understanding, engagement and building knowledge

Kjarninn í kennslu beitingu lesskilningsaðferða:

- Að kenna nemendum að vera virkir í lestri með því að gera sér grein fyrir eigin hugsun á meðan þeir lesa:
 - Um hvað er ég að hugsa á meðan ég les?
 - Hvaða bakgrunnsþekkingu styðst ég við?
 - Hvað er höfundurinn að reyna að segja mér?
- Að kenna nemendum skipulega nálgun og úrvinnsluleiðir við texta til að auka líkur á skilningi.
- Að kenna nemendum rétt vinnubrögð, t.d. þegar skilning þrýtur.
- Að kenna nemendum vinnubrögð góðra og reynslumikilla lesara.

Læsisvefurinn


Orðaforði og lesskilningur

Undirflokkar og efni	fræðsla - kennarar	yngsta stig	miðstig	unglingastig	faggreinakennarar	skólasafnskennarar	þjálfunarefni	námsmat
<i>Um orðaforða og lesskilning</i>	x							
<i>Orðaforði</i>								
<i>Orðabrepin þrjú</i>	x							
<i>Framer líkanið</i>	x	x	x	x	x			
<i>Orðaveggur</i>	x	x	x	x	x			
<i>Má ég fá orðið?</i>	x	x	x	x				
<i>Skritin og skemmtileg orð</i>	x	x	x	x	x	x	x	
<i>Orð af orði - vefur</i>	x	x	x	x	x		x	

Læsisvefurinn er fyrst og fremst ætlaður þeim sem kenna lestur. Honum er skipt í fimm hluta sem kallast á við matstækin. Þessir þættir eru: Forsendur læsis, lesfimi, orðaforði og lesskilningur, ritun og lestrarmenning. Við val á verkefnum á vefinn er í fyrstu horft til þess að fá kennurum í hendur verkfæri til að styrkja almenna lestrarkennslu inni í bekk og til að koma til móts við nemendur með vægan lestrarvanda. Þetta er gert til að auka líkur á vel skipulagðri og vandaðri lestrarkennslu fyrir meginþorra nemenda. Rannsóknir sýna nefnilega að góð lestrarkennsla inni í bekk gagnast langstærstum hópi nemenda.

<i>Hvað veistu um viðfangsefnið?</i>	x		x	x	x			
<i>Lesið á milli lína</i>	x		x	x				
Hugarkort								
<i>KVL og KVL+</i>	x	x	x	x	x		x	
<i>Venn kort</i>	x	x	x	x	x		x	
<i>Sögukort</i>	x	x	x	x			x	
<i>Hugræn kortagerð</i>	x	x	x	x	x		x	
Ýmis verkfæri								
<i>Gátlisti vegna mats á lesskilningskennslu</i>	x							
<i>Hvað einkennir góðan lesara?</i>	x		x	x				

YFIRLITSMYND



Að byggja brú milli lestrar og skilnings

Amplify, 2026

Lesskilningur ...

- ... er ekki afmörkuð kunnátta eða ein skipuleg aðferð,
- ekki afurð lestrarkennslu,
- og ekki eitthvað sem við upplifum að lestri loknum.

Lesskilningur ...

- ... er flókið og marþætt ferli ...
- ... þar sem orðaforði gegnir stóru hlutverki.
- Hann felur í sér virka, gagnvirka og skipulega ferla,
- er afurð lestrar
- og studdur af málskilningi og sjónrænum orðaforða.

Lesfimi og lesskilningur - örstutt

Niðurstöður skoðaðar í samhengi

Nemendur	Staða lesskilningur	Mælitala	Staða lesfimi	Mælitala
Tómas Björgvinsson	Neðstu mörk kvarða	2	Neðstu mörk kvarða	3
Arna Karlsdóttir	Neðstu mörk kvarða	3	Neðstu mörk kvarða	4
Samuel Hrafn Beck	Neðstu mörk kvarða	3	Undir meðaltali	5
Sveindís Haraldsdóttir	Undir meðaltali	5	Undir meðaltali	7
Orri Páll Ásgeirsson	Undir meðaltali	6	Við meðaltal	10
Ann-Cathrin Hjelvik	Við meðaltal	10	Við meðaltal	10
Aníta Sif Þórisdóttir	Við meðaltal	10	Við meðaltal	12
Hákon Björnsson	Við meðaltal	11	Við meðaltal	10
Patrycja Kulgawczyk	Við meðaltal	11	Við meðaltal	12
Anna Lísa Andersen	Við meðaltal	11	Við meðaltal	12
Gabriel Snorrason	Við meðaltal	12	Undir meðaltali	7
Arnar Þór Kristinsson	Við meðaltal	12	Við meðaltal	11
Ævar Andrason	Yfir meðaltali	13	Við meðaltal	12
Einar Baldursson	Yfir meðaltali	17	Yfir meðaltali	16
Soffía Valdimarsdóttir	Yfir meðaltali	19	Yfir meðaltali	19

Tengsl lesfimi og lesskilnings: [Einfalda lestrarlíkanið](#)

		Umskráningarfærni	
		Slök	Góð
Málskilningur	Góður	A Slök umskráningarfærni Góður málskilningur Gabríel	B Góð umskráningarfærni Góður málskilningur Ann-Cathrin, Aníta Sif, Hákon, Patrycja, Anna Lís, Arnar, Ævar, Einar og Soffía
	Slakur	C Slök umskráningarfærni Slakur málskilningur Tómas, Arna, Samuel og Sveindís	D Góð umskráningarfærni Slakur málskilningur Orri Páll

Birtingarform lestrarerfiðleika út frá kenningunni „The Simple View of Reading“ (Adlof, Perfetti og Catts, 2011, bls. 193).

Stuðningsefni og fræðsla

Á mms.is

- Stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði: Handbók
- Myndbönd (um prófin, undirbúningur, framkvæmd, niðurstöður, sýnispróf og fleira)
- Gátlistar
- Leiðbeiningar til tæknitengiliða: Handbók
- Upplýsingar til nemenda og forsjáraðila (bréf og á mms.is)

Næsta skólaár

- Hagnýting gagna – námskeið fyrir skólastjórnendur
- Fyrir nýja notendur: Rafrænt námskeið um undirbúning og framkvæmd stöðu- og framvinduprófanna - Teachable

Spurningar og spjall

